

Sp.

447. Tillaga til þingsályktunar

[219. mál]

um sjálfstæðar rannsóknastofnanir, eflingu hagnýtrar vísinda- og rannsóknarstarfsemi og um aukin tengsl atvinnulífs og rannsókna.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að eftirtöldum skipulagsbreytingum á sviði hagnýtrar rannsóknarstarfsemi í því skyni að efla slíkar rannsóknir, auka tengsl hagnýtra rannsókna og atvinnulífs, svo og sjálfstæði rannsóknastofnana:

1. Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gerðar að sjálfseignarstofnunum þar sem m.a. samtökum viðkomandi atvinnuvega verði boðið að gerast stofnaðilar. Í skipulagsskrá verði nánar kveðið á um stjórn stofnananna og rekstrarfyrirkomulag, en þær skulu starfa sem sjálfstæðar stofnanir, verðleggja sjálfar þjónustu sína og taka sjálfar allar ákvarðanir um rekstur, mannhald, verkefnaval og viðfangsefni. Aðalhlutverk þessara stofnana verði að annast hagnýtar rannsóknir í þágu viðkomandi atvinnuvega eftir óskum og þörfum í atvinnugreininni og ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
2. Samningur skal gerður milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og viðkomandi stofnunar þar sem ríkissjóður leggur hverri stofnun til ákveðið grunnfjárframlag á ári hverju sem greiðslu upp í fastakostnað við starfrækslu stofnunarinnar. Sérstakur samningur skal einnig gerður milli stofnananna og ríkissjóðs um áframhaldandi nýtingu stofnananna á ríkiseignum, svo sem húsnæði, en tæki, vélar og annað það, sem þessar stofnanir hafa nú yfir að ráða, skal áfram fylgja þeim og skoðast sem stofnframlag ríkisins til sjálfseignarstofnananna.
3. Önnur hagnýt rannsóknarstarfsemi sem ríkið hefur rekið og kostað í beinum eða óbeinum tengslum við Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða aðrar opinberar stofnanir — og er þá fyrst og fremst átt við tilraunastöðvar og tilraunabú — skal eftirleiðis skoðast sem viðfangsefni viðkomandi sjálfstæðra rannsóknastofnana og á ábyrgð þeirra hvort og þá hvernig þeirri starfsemi verði haldið áfram.
4. Ákveðið verði í sérstökum lögum fast árlegt framlag úr ríkissjóði til næstu fimm ára til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og með reglugerð ákveðin almenn skilyrði til lán- og styrkveitinga af því fé þar sem sjálfstæðar rannsóknastofnanir hafi sama rétt og aðrir til þess að sækja um styrki eða lán til einstakra verkefna.

Undirbúningi þessum verði lokið á árinu 1986 þannig að Alþingi geti samhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 gert þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, nái fram að ganga.

Greinargerð.

Þessi tillaga kom fyrst fram í yfirgripsmiklum breytingartillögum Alþýðuflokksins við afgreiðslu fjárlaga ársins 1986. Hún er í flokki þeirra tillagna Alþýðuflokksins sem kveða á um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og tilflutning verkefna frá ríkinu til annarra aðila. Markmið tillögunnar er að þær stofnanir, sem fást við hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna og nú eru ríkisstofnanir, verði teknar úr ríkiseigu og gerðar að sjálfseignarstofnunum sem starfi á eigin ábyrgð og undir sjálfstæðri stjórn í nánú samstarfi við atvinnuvegina.

Með slíkri skipulagsbreytingu vinnst margt:

- rannsóknastofnanirnar öðlast aukið sjálfstæði og sjálfræði, bæði í stjórn og starfsemi, svo og í verkefnavali,
- líklegt er að áhrif vísindamanna og rannsóknarmanna á starfsemina aukist og mun það án efa styrkja vísindalega rannsóknarstarfsemi að hagnýtum viðfangsefnum,
- beinni tengsl verða á milli atvinnulífsins og rannsóknastofnananna, m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir því að bein kostnaðarleg tengsl verði á milli rannsóknarverkefna og atvinnufyrirtækja eða atvinnugreina þar sem í tillögunni er gert ráð fyrir því að ríkið greiði tiltekinn grunnkostnað við rannsóknastofnanirnar en einstök verkefni séu valin í samráði við atvinnuvegina og kostuð af þeim.

Frá sjónarmiði ríkisins eru einnig ótvíræðir kostir samfara þeirri skipulagsbreytingu sem tillagan gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að ríkisvaldið kosti rannsóknarstarfsemi sem fremur er vísindaleg en hagnýt eða a.m.k. skilar ekki sjáanlegri framleiðniaukningu, tekjuaukningu eða framleiðslunýjungum á tiltölulega skömmum tíma. Einnig er sjálfsagt og eðlilegt að ríkisvaldið greiði tiltekinn grunnkostnað við starfsemi að hagnýtum rannsóknum og tryggi þannig að sú starfsemi geti farið fram. Jafnframt er eðlilegt að ríkið styðji með öðrum hætti rannsóknar- og vísindastarfsemi í landinu, t.d. með sjóðsstofnun eða framlagi í sjóð sem rannsóknaraðilar geta sótt fyrirgreiðslu til vegna tiltekinn verkefna. Hins vegar er óeðlilegt að ríkið reki og kosti hagnýt rannsóknarverkefni í þágu atvinnuvega eða fyrirtækja. Slíkt leiðir til óæskilegs viðhorfs til atvinnurekstrar og þeirra verkefna sem atvinnurekendur sjálfir eiga að annast og er þáttur í því sem Alþýðuflokkurinn hefur kallað „velferðarkerfi fyrirtækjanna“. Með því kerfi hefur ríkisvaldið verið að taka á sig ýmis verkefni fyrirtækja og atvinnuvega og jafnvel gengið svo langt að veita beina og óbeina ríkisábyrgð á rekstri einstakra fyrirtækja. Það fyrirbæri hafa menn ýmist nefnt „þjóðnýtingu tapsins“ eða „sósíalisma andskotans“. Er merkilegt að þeir aðilar, sem þar hafa gengið fram fyrir skjöldu um að setja slíkar ábyrgðir og verkefni á ríkið, hafa seinastir manna viljað láta kenna sig við þjóðnýtingu eða sólfalisma.

Hagnýt rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuvega og fyrirtækja á fyrst og fremst að vera viðfangsefni fyrirtækjanna sjálfra. Vilji atvinnulífsins til þess að kosta slík verkefni eða taka þátt í kostnaði við þau á að vera mælikvarði á hvort þau verkefni teljist vera fýsilegur og arðvænlegur kostur. Þetta er hinn eðlilegi grundvöllur hagnýtrar rannsóknarstarfsemi og með slíku fyrirkomulagi öðlast atvinnulífið sjálft jafnframt bein áhrif á verkefnaval og starfsemi.

Eins og fram kemur í tillögunni eru þær ríkisstofnanir, sem lagt er til að gerðar verði að sjálfseignarstofnunum og starfræktar í nánú tengslum við atvinnulífið, þessar: Iðntækni- stofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Tillagan gerir ráð fyrir því að búnaður þessara stofnana, svo sem tækjakostur og eigið húsnæði, verði áfram lagður þeim til og skoðist sem stofnfé frá ríkissjóði. Aðilum í viðkomandi atvinnugreinum verði jafnframt boðið að gerast stofn- og eignaraðilar og á stofnfundi verði sjálfseignarstofnununum sett stofnskrá er kveði á um hlutverk þeirra, stjórn og starfsemi. Eftir það starfi þær sjálfstætt að

rannsóknarverkefnum sínum, á eigin ábyrgð og án starfslegra eða fjármálalegra fyrirmæla frá hinu opinbera.

Í samningi á milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og sjálfseignarstofnananna verði kveðið á um árlegt grunnframlag úr ríkissjóði til stofnananna, sem gæti t.d. verið fjárframlag er næmi áætluðum fastakostnaði stofnananna, en verkefnakostnaður verði greiddur af sjálfsaflafé þeirra.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að gerð verði 5 ára áætlun um aukin fjárframlög ríkisins í sjóð til að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landinu og að samin verði reglugerð eða sett lög um þá starfsemi þar sem m.a. sé gert ráð fyrir því að stofnanir, fyrirtæki, einstaklingar eða samtök geti sótt um lán eða styrki úr sjóðnum til einstakra verkefna og hafi jafnan rétt til slíkra umsókna. Vísir að slíkri starfsemi er sérstakt fjárframlag í þessu skyni sem veitt hefur verið á fjárlögum 1985 og 1986.

Að lokum skal tekið fram að tillagan gerir ráð fyrir því að öll hagnýt rannsóknarstarfsemi, sem nú er á vegum ríkisins, skuli færð til umræddra aðila eða annarra slíkra sem nauðsynlegt kann að þykja að koma á fót. Á þetta t.d. við um tilraunabúin sem nú eru rekin á ríkisins kostnað, nema e.t.v. Fóður og fræ í Gunnarsholti en álitamál getur verið hvort fé fengist frá öðrum til hennar þar sem ekki er víst að viðfangsefnið þyki ýkja hagnýtt fyrir íslenskan landbúnað frá skammtímasjónarmiði. Engu síður er nauðsynlegt að halda þeim rannsóknum og tilraunum áfram sem þar eru gerðar og kæmi vísast á ríkið að standa straum af þeim kostnaði hver svo sem hefði framkvæmdina á hendi.